

# MITT STRÍÐ HEFUR STAÐIÐ Í 30 ÁR

## Hafsteinn Austmann listmálari í Helgarpóstsviðtali

eftir Þórhall Eypórsson mynd Jim Smart

*Gamli Skerjafjörðurinn er líkastur dálítilli vin í þeirri auðn sem myndast af einskismannslandi Vatnsmýrarinnar annars vegar og dauðasvæðis flugbrauta Reykjavíkurflugvallar hins vegar. Húsabyrpingin sem getur að líta á þessum stað er einhvern veginn á skjön við önnur hverfi þessarar borgar, kannski þess vegna tilvalinn staður fyrir listamenn að búa á. Það hefur að minnsta kosti Hafsteini Austmann listmálara þótt — og hann hefur ekki látið þar við sitja að eiga þarna hús, heldur reisti hann sér fyrir fáum árum forlata vinnustofu sömuleiðis. „Á þetta nokkuð að vera ævisaga?“ spyr Hafsteinn mig á meðan hann skenkir kaffi og með því. „Ætli þetta verði ekki fremur svona viðtal af tegundinni „Í fáum dráttum“; málaraferill Hafsteins Austmanns er orðinn alllangur. Á Kjarvalsstöðum hefur hann að undanförunni verið með sýningu á myndum frá þrjátíu ára ferli. „Það er ekkert úrval,“ segir hann, „heldur aðeins vörður á lífsleiðinni, valdar af handahófi.“ Samtímis þeirri sýningu opnaði Hafsteinn sýningu á nýlegum vatnslitamyndum í Gallerí Íslensk list á Vesturgötunni.*

— Fyrst langar mig til að vita hvaða Austmann Hafsteinn hefur að geyma.

„Það var heppileg tilviljun fyrir mig,“ svarar Hafsteinn sposskur á svip, „að ég skyldi ekki þurfa að taka mér sérstakt listamannsnafn, en fá þetta í skirnargjöf: Austmann. Nafnið er líklega síður til komið af því að ég eigi til austmanna úr Noregi að telja en af þeirri staðreynd að ég er fæddur austur á Vopnafirði; ég er hálfur Austfirðingur og hálfur Sunnlendingur. Ekki er loku fyrir það skotið að foreldrar mínir hafi verið með hugann við roðann enn lengra í austurátt þegar þau voru að velja mér nafn, en þau voru vist heldur á róttækari kantinum þar sem pólitík var annars vegar. Allt um það — þrátt fyrir austrænuna hef ég alið aldur minn meira og minna hér syðra frá fjögurra ára aldri.“

— Í inngangsorðum að listaverkabók um Kjarval sem Helgafell gaf út fyrir margt löngu spurði Halldór Laxness: „Hvert var það undur sem rak úngan svein á afsökku landshorni fyrir fimmtíu árum til að fara að búa til málverk?“ Þegar Hafsteinn Austmann var að alast upp voru að sönnu breyttir tímar hér á landi frá því sem verið hafði í æsku Kjarvals; engu að síður var það ugglaut djarft hugsað hjá unglíngi í gagnfræðaskóla í kringum 1950 — jafnvel þótt dráttagur væri — að einsetja sér að gera myndlist að lífsstarfi.

Hafsteinn rifjar upp að hann hafi verið farinn að hafa gaman af að mála eitthvað um tíu ára gamall. „Og í gagnfræðaskóla var þetta orðin ástríða. Það er í rauninni verkefni sálfræðinga að finna út hvers vegna þvíumlíkt getur gripið mann svo gersamlega að ekkert annað komist að. En auk þess átti ekki minnstan þátt í því að ég ætíð að leggja út á þessa braut — ég var orðinn alveg viss í minni sok sextán ára — að ég var afskaplega heppinn með kennara. Það var einkum Skarphéðinn Haraldsson teiknikennari sem hvatti mig til að vera óeigur að halda áfram að mála; hann hefur verið næmur á hversu áhuginn var þrenndi. Hann taldi ekki eftir sér að leyfa mér að koma til sín með myndir — en var líka óspar á að krífséra þær. Loks kann að vera að áramurinn sem ég sýndi í öðrum námsgreinum hafi ekki bent til þess að ég ætíð frekar að helga mig einhverri þeirra í framtíðinni heldur en myndlistinni.“

— En dæmi hverra gat ungur áhugasamur Hafsteinn Austmann fylgt í list sinni?

„Sextán — sautján ára, líklega á þeim aldri sem maður er einna hrifnæmastur, byrja ég að fara á sýningar. Um það leyti voru margir þeirra sem síðar kölluðu sig Septem-hópinn að koma heim frá útlöndum. Það sem þeir voru að gera þá var fyrir mér svipað því sem ég hugsa að Nýja málverkið sé í augum ungu mannanna núna: það var eins og þetta væri það sem ég hefði alltaf verið að biðja eftir. Í Septem-hópnum voru spámenn þess tíma. Maður leit upp til þeirra fyrir það hvað þeir voru kjarkaðir og höfðu mikla ást á listinni. Listin var þeim allt, og fyrir hana voru þeir reiðubúnir að hætta efnahagslegu öryggi, fjölskyldulífi og öllu öðru.“

### Síðustu og verstu tímar

Ég kynntist snemma Þorvaldi Skúlasyni, og fann strax og þótti mikið til um hversu heiðarlegur hann var í list sinni og tók starf sitt alvarlega. Menn eins og Þorvald skipti meiru að mála en sýna. Núna er aftur á móti oft líkast því að fólk vilji halda sýningu um leið og lágmarkskvóta er náð. Og um sölu var þá naumast að tala; Snorri Arinbjarnar, til dæmis, seldi sáralítið, og sama var að segja um Gunnlaug Scheving fram undir 1960. En það var til marks um þann hug sem var í þessum mönnum, og ég dáðist að, að þeir hvikuðu hvergi, þótt fæstir þeirra gætu gert sér vonir um nokkur laun fyrir vinnu sína. Og ef við nú förum lengra aftur í tímann: Kjarval slær ekki í gegn fyrr en í lok seinna stríðs, en er útskrifaður úr akademiunni í Kaupmannahöfn, að mig minnir, í endann á fyrri stríði!

Mitt eigið stríð hefur hins vegar staðið í þrjátíu ár. Ætli ekki sé óhætt að segja að það hafi verið indælt stríð, þrátt fyrir að ekki hafi virst blása byrlega framan af. Mér finnst mikils virði að hafa tekist að stunda málunina sem aðalstarf, þótt ég hafi að visu alltaf þurft að vinna að öðru meðfram, þá aðallega kennslu. Núna er gjarnan haft á orði að þetta séu hinir síðustu og verstu tímar og allt sé að dragast saman; svo sé komið að fólk geti ekki lengur leyft sér listina. En hefur þetta ekki ævinlega verið svona? Að minnsta kosti voru horfur ekki bjartari þegar ég var að byrja minn feril. Það eina sem menn hafa

upp úr krafsinu með þessu eilífðartali um hvað allt sé bólað er að þeim líður verr en vera þyrfti, ekki satt?“

— Nógu satt, býst ég við. En skyldi ekki okkar kynslóð samt vera ólánsamari en hin fyrri, vegna þess að við þekktum aldrei Laugaveg ellefu?

Það er kannski ekki að undra að á þessu augnabliki hringir síminn. Að loknu símtalinu veltir Hafsteinn vöngum stundarkorn, en tekur svo aftur upp þráðinn: „Laugavegur ellefu — já. Þar kostaði molakaffið tókall, og átti maður þó ekki alltaf fyrir því. Þetta var kaffihús, eins og hvorki hefur verið til fyrr né síðar hér í bænum. Við mynduðum klíka nokkur saman og kölluðum okkur Sólskinsdeildina. Þegar ég var í Myndlistaskólanum umgekkst ég alltaf miklu meira nemendum Þjóðleikhússkólans en myndlistarnema, líklega af því að konuefnið mitt Guðrún Stephensen var í þeim skóla. Eins og nærri má geta voru menn óskaplega heitir í pólitík; þegar farið var út í þá sálma í samræðunum var Geir Kristjánsson rithöfundur jafnan lífið og sálin í hópnum, man ég eftir. Auðvitað var haft vín um hönd, en það var aldrei neitt fylleri að ráði. Það var setið heima hjá þeim sem réðu yfir skástu vistarverunum og hlustað á plötur — svona á milli diskúsjóna.“

### Grafið fyrir klóaki

Árið 1951 innritaðist ég í Myndlistaskólann, en hann var þá til húsa á Grundarstíg 4. Vægast sagt var skólinn mjög frábrugðinn því sem núna er — nemendur miklu færri og aðstaðan næsta fátækleg. En við vorum engu að síður látin gera þar allt mögulegt, meira að segja batik og silkibrykk. Synd væri að segja að allir hafi verið jafn brennandi í andanum. Einni stelpu man ég til dæmis eftir sem var þarna af þeirri ástæðu einni, að hún sagði, að skólinn var fyrir hádegi; hún var morgunsvæf með afbrigðum, en vildi þína sig til að vakna á morgnana.

Eftir að hafa verið í Fristundamálaraskólanum gamla tvo vetur fór ég í Handiða- og myndlistaskólann, sem svo hét þá; síðar var nafninu snúið við, eins og kunnugt er, og myndlistir hafðar númer eitt, en handiðir númer tvö. Í skólanum var ekki verið að halda að manni neinum stefnum. Maður lærði nauðsynlegustu undirstöðuatriði í tækni og myndbyggingu; þar átti ekki sist hlut að máli Sigurður Sigurðsson, sem þá var kennari við skólann. Hann var ekki þess konar kennari sem tekur nemendur og hengir þá upp á löppunum. Hans kennsluáferð fólst fremur í að segja sögur, á meðan hann sýndi manni hvernig ætti að bera sig að, ef þú skilur hvað ég meina. Prívat var Sigurður expressjónisti — Cézanne og Matisse, það voru hans postular, og ekki nema gott eitt um það að segja. Utan skólans málaði maður töluvert, en í þá daga kom ekki til greina að sýna fyrr en búíð var að klára námið. Erró, til dæmis, og Bragi Ásgeirsson, sýndu hvorugur herna heima fyrr en þeir höfðu verið úti. Það var nokkuð viðtekin regla að fara ekki á flot með slíka hluti fyrr en í fyllingum tímans, ef þannig má komast að orði.“

— Og þar kom að einnig Hafsteinn Austmann hleypti heimdraganum og hélt út í veröldina. Um þær mundir voru ekki námslánin til að greiða götu námfúsra unglínga með útþrá, ekki svo mikið sem víxillán. „En ég held,“ segir Hafsteinn og ornar sér við endurminninguna,

„að tengdamóður minni hafi tekist að pranga nokkrum myndum eftir mig inn á hrekklaut fólk sem hún þekkti til. Að auki aflaði ég mér dálitilla peninga með því að vinna í byggingarvinnu, grafa fyrir klóaki vestur á Bræðraborgarstíg, og loks varð ég svo forframaður að sýsla við að setja hurðir í viðbyggingu við Elliheimilið. Ég var hált í hvoru farinn að hugleiða hvort ég ætíð ekki hreinlega að skella mér í smíðinni!“

### Íslendingar í París

En haustið fimmtíu og fjögur hélt ég út, og tók stefnuna á París; þá var eldri dóttir mín nýfædd. Ég fór á Gullfossi, á öðru plássi að sjálfsögðu; við vorum þar ekki nema eitthvað um níu talsins farþegarnir. Á fyrsta farrými var hins vegar aðeins einn einasti maður, sem leiddist að vonum einveran og var alltaf að bjóða okkur fram í til sín. Þetta var sérstök ferð, maður var að fara í fyrsta skipti út fyrir landsteinana.

Í samfloti við mig alla leiðina til Parísar var forvinur minn Jes Þorsteinsson, sem upphaflega ætlaði líka í myndlist, en skipti um skoðun og fór í arkitektúr.

Eftir þrjátíu og fjögurra stunda lestarferð frá Kaupmannahöfn stigum við út og vorum í París. Þar tóku einhverjir á móti okkur, en ég man ekkert hverjir það voru; ég kunnir ekki orð í frönsku og var að flestu leyti eins og álfur út úr hól. Hitt er jafnvíst að vetrardvölin í París var dýrlegur tími. Ég gæti nefnt þér heila runu af Íslendingum sem voru samtímis mér í borginni: Sígfrús Daðason, náttúrlega, og Rafn Júlíusson. Já, og Hilmar Jónsson, nú í Keflavík; hann bjó á hóteli rétt hjá mér og þreifist helst á allra handa grósum — einhvers konar náttúrulekningaræði, held ég. Einatt drakk hann bara soðið af kartöflunum sem hann eldaði sér, en ég naut góðs af — og át þær. Stundum tók hann þó sífari kúra, fastaði í lengri tíma og neytti einskis nema blávatns. ... Þarna voru enn fremur lagsbróðir minn Emil Eyjólfsson og Snorri fiðluleikari Þorvaldsson; og Þorgeir Þorgeirsson kom einn góðan veðurdag labbandi frá Vínarborg með eitt handrit í mal sínum og annað ekki.

Mikill vinur minn var Gunnar Hermannsson arkitekt, hann settist að í París, býr núna út við Versali. Á dögnum sendi hann mér tvær myndir eftir mig sem höfðu verið á sýningu í Salon de Réalités Nouvelles 1955. Sjálfur sá ég aldrei sýninguna, því að ég var þá farinn burt frá París. Jón Óskar kom hins vegar út um vorið og sá hana. Hann sagði mér seinna að myndirnar mínar hefðu hangið á góðum stað og hann skildi ekkert í því að ég væri að æða heim strax.

Það var Nína Tryggvadóttir, sem á þessum tíma var orðin þekktur listamaður í París, sem varð völd að því að mér var boðið að taka þátt í þessari sýningu, og sýndi mér að öðru leyti ætíð hina mestu vinnsemd og áhuga.“

— Aðeins meira af andrúmslofti Parísar, stefnum þar og strauðum!

„Í París lét maður innrita sig í skóla, Academie de la Grande Chaumier. Ég skal fúslega viðurkenna að ég var þar sáralítið. Þetta var einkum staður, að mér fannst, fyrir vitlausu Amríkana sem höfðu mestan áhuga á að sem oftast væri skipt um módel — vildu alltaf nýjar og nýjar stelpur að skoða. En ég vann töluvert á herberginu mínu, sem var á fimmtu hæð á hóteli við Rue de Lambre, þar sem Steinn Steinarr og fleiri góðir menn höfðu búíð á sín-